í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa stjórnarinnar stöðu verksins, sé þess óskað og afhenda stjórninni umbeðin gögn henni að kostnaðarlausu.

Stjórnin getur óskað eftir áfangaskýrslum, ef þurfa þykir. Hægt er að svipta umsækjanda styrk, telji stjórnin, að verkið sé ekki unnið í samræmi við umsókn og innsend gögn.

Að verkefni loknu skal kynna árangur og niðurstöður fyrir nefndinni með skriflegri skýrslu. Heimilt er að vísa umsóknum frá, ef misbrestur hefur orðið á skilum umsækjenda vegna fyrri styrkveitinga, sbr. 2. mgr. 5. gr.

6. gr.

Gildistaka.

Úthlutungarreglur þessar eru settar skv. heimild í 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 35/2003 frá 14. janúar 2003.

Menntamálaráðuneytinu, 6. janúar 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

16. janúar 2004 Nr. 74

AUGLÝSING

um skrá hjúkrunarheimilisins Garðvangs skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga:			
Hjúkrunarforstjóri			
Einn hjúkrunarfræðingur á næturvöktum			
Einn hjúkrunarfræðingur á morgun- og kvöldvöktum			
Sjúkraliðar S.L.F.Í.		8,5	stöðugildi
Starfsfólk í S.F.S.B.:			
Starfsfólk í	umönnun	18,3	〃
〃	eldhúsi	4,0	〃
〃	þvottahúsi	1,4	〃
〃	ræstingu	1,4	〃
〃	félagsstarfi	2,2	〃
〃	á skrifstofu	1,5	〃

Garði, 16. janúar 2004.

F.h. hjúkrunarheimilisins Garðvangs,

Finnbogi Björnsson framkvæmdastjóri.